

Fundargerð

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 487. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,
20. nóvember 2013 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi, Berglind
Guðmundsdóttir, Brynjar Rafn Ólafsson og Þormóður Sveinsson.

Fundargerð ritaði: Berglind Guðmundsdóttir.

Dagskrá:

A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010

1 1308256 - Melabraut 18, breyting

Hagvagnar sækja 19.08.13 um að breyta innra skipulagi. Bætt við millilofti á verkstæði og settur upp nýr veggur samkvæmt teikningum Ásmundar Sigvaldasonar dags. júní 2000. Nýjar teikningar bárust 31.10.2013 með stimpli Slökkviliðs, Ný skráningartafla barst 15.11.2013

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.

13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.

2. Aðal- og sérupprættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.

3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.

4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.

B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI

**Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar
skv. *Samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa
Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum, sem staðfest var af
félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.***

Engin
mál.

C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ
Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.

2 1311167 - Sólvangsvegur 1. Byggingarleyfi

Höfn sækir 13.11.2013 um leyfi fyrir stækkun á matsal. Samkvæmt teikningum Hilmars Þórs Björnssonar dagsettar 28.08.13

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu með vísan til meðfylgjandi athugasemda.

3 1311181 - Norðurbakki 11-13. Svalalokun

Húsfélagið Norðurbakka 11-13 sækir 14.11.13 um leyfi fyrir svalalokun. Samkv. teikningum Sigurðar Þorvarðarsonar dags. 25.01.06. Meðfylgjandi er listi yfir samþykki þinglýstra eigenda.

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu með vísan til meðfylgjandi athugasemda.

4 1311301 - Óseyrarbraut 17. Byggingarleyfi

Rekstrafélagið Eskja sækir 20.11.13 um leyfi fyrir stækkun húss til Norðurs. Samkv. teikn Sveinbjörns Jónssonar dagsettar nóvember 2013.

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu með vísan til meðfylgjandi athugasemda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14.00

Bjarki Jóhannesson (sign)
Brynjar Rafn Ólafsson (sign)

Berglind Guðmundsdóttir (sign)
Þormóður Sveinsson (sign)